

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/192*  
*komudagur 16.11.2011*

**Alþingi**  
**Nefndasvið**  
**Allsherjar- og menntamálanefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 REYKJAVÍK**

**Umsögn lögreglustjórans í Vestmannaeyjum um tillögu til þingsályktunar um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland. Þingskjal 15 - 15. mál.**

Undirritaður sendir nefndinni hér með umsögn sína um tillögu til þingsályktunar um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

***Umsögn:***

Því ber að fagna að skilgreina eigi löggæsluþörf í landinu, þar sem skilgreint verður og leitast við að varpa ljósi á raunverulegan rekstrarkostnað löggæslunnar og löggæsluþörf verði skilgreind.

Undirritaður vill benda á að mikilvægt er að öryggisstig íbúa víða úti á landi er stórlega annað en í þéttbýli og sjónarmið um ásættanlega löggæslu í dreifbýli afar ólík því sem gerist í þéttbýlinu þar sem öflug lögreglulið eru innan seilingar.

Ég tel afar mikilvægt að verði tillagan samþykkt, að í nefndina sem mun vinna að framgangi tillögunnar veljist einnig fólk, sem þekkir til löggæslu í hinum dreifðu byggðum.

Vestmannaeyjum, 16. nóvember 2011  
Virðingarfyllst,

---

Karl Gauti Hjaltason  
Lögreglustjóri í Vestmannaeyjum